

Nefndarsvið albingis@albingi.is

Meistarafélag húsasmiða
Skiptiholti 70
105 Reykjavík

Þingskjal 1256 – 765.mál

Athugasemdir við lagafrumvarp

Almennt álit :

Frumvarp til laga um vinnustaða námssjóð er í heild sinni gott framlag til iðnmenntunar, ekki síst í þeim þrengingum og erviðleikum sem við er að fást í íslensku atvinnlífi í dag, tilgangurinn sem lögunum er ætlað ætti hugsanlega að geta náðs ef vandað er til verka.

Þegar farið er að styrkja vinnustaðanámið með beinum fjáframlögum verður að sjá til þess að þessir fjámunir nýtist sem best, það verður að gæta þess að fara ekki út í óhóflega skattheimtu, sem að mestu fer í kostnað við sjálf sig það er komið nóg af því.

Það færi betur á því að íslendingar bæru sömu virðingu fyrir iðnaðinum og Þjóðverjar, Japanir, kínverjar og ýmsar aðrar asiubjóðir, þeir skilja hvað þarf til að skapa verðmæti og hagsæld.

Meistarafélag húsasmiða hefur allatíð lagt áherslu á og verið í forustu um iðnmenntunina m.a. alltaf átt formann sveinsprófnefnda, í félaginu eru margir af reyndustu meisturum landsins.

3. gr.

Stjórn vinnustaðanámssjóðs

Þegar tekin var ákvörðun um skipan í stjórn verður ekki hægt að líta framhjá því að enn einu sinni er verið að stofnanavæða námið, færa það frá uppruna sínum, frá atvinnulífinu og inn í stofnanir.

Reynsla, þekking og hæfni fæst að mestu með þjálfun við það að takast á við verkefnin undir styrkri stjórn iðnmeistara, þessa reynslu er vel hæg að sækja út í atvinnulífð ef vilji er fyrir hendi.

Okkar færustu iðnaðarmenn með margra ára reynslu koma þaðan.

Það er með ólíkindum að enginn iðmeistari skuli skipaður í nefndina og undirstrikar mikið vantraust og vanþekkingu á störfum þeirra við kenslu og þjálfun iðnnema.

F.h. Meistarfélags húsasmiða

Magnús I. Stefánsson